

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2013**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar 2013 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri batnaði á milli ára og var neikvætt um 10,1 ma.kr. samanborið við 13,3 ma.kr. 2012. Tekjur hækkðu um 1,5 ma.kr. milli ára en gjöld jukust um 2,8 ma.kr. milli ára. Áætlanir gerðu ráð fyrir að handbært fé yrði neikvætt um 12,6 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar 2013 (m.kr.)

	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>
Innheimtar tekjur	55.117	27.559	26.663	31.401	32.877
Greidd gjöld	38.916	42.682	37.079	43.319	46.113
Tekjujöfnuður	16.201	-15.123	-10.416	-11.918	-13.236
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-204	2.148	-436	-1.424	3.106
Handbært fé frá rekstri	15.997	-12.975	-10.852	-13.342	-10.130
Fjármunahreyfingar	3	-208	-203	-2.315	-5.146
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	16.000	-13.183	-11.055	-15.657	-15.276
Afborganir lána	-662	-1.043	-743	-1.138	-849
Innanlands	-662	-1.043	-743	-1.138	-849
Erlendis	-	-	-	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	15.338	-14.226	-11.802	-16.795	-16.125
Lántökur	11.401	12.988	12.324	5.647	2.806
Innanlands	11.636	13.402	6.828	438	5.289
Erlendis	-235	-414	5.496	5.209	-2.483
Breyting á handbæru fé	26.739	-1.238	522	-11.148	-13.319

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 32,9 ma.kr. á fyrsta mánuði ársins sem er 4,7% aukning m.v. sama tímabil á síðasta ári og um 7,5% undir tekjuáætlun fjárlaga. Hafa ber í huga að frávik frá áætlun geta verið umtalsverð og í einhverjum tilfellum ómarktæk á fyrstu mánuðum ársins. Frávik frá mánaðarlegri áætlun geta m.a. stafað af því að dreifingin niður á mánuði reynist önnur en áætlað var en slíkt getur einkum átt sér stað þegar uppgjörstímabil er lengra en einn mánuður, þegar gjaldþagi og eindagi eru ekki í sama mánuði eða þegar óreglulegir liðir vega þungt. Reynslan er því sú að frávik frá áætlun eru mest í upphafi ársins og minnka eftir því sem líður á árið og gagnatímabilið lengist. Þá benda bráðabirgðatölur til þess að frávikið í janúar hafi að miklu leyti gengið til baka í febrúar.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 1% á milli ára í janúar og námu alls 29,6 ma.kr. sem er 5,3% undir áætlun. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 10,5 ma.kr. sem er 2,3% undir áætlun en rúmum 3,8% meira en á sama tímabili síðasta árs. Tekjuskattur lögaðila nam 0,8 ma.kr. á fyrsta mánuði ársins sem er í takt við tekjuáætlun. Fjármagnstekjuskattur skilaði 1,0 ma.kr. í janúar sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun.



Tekjur ríkissjóðs janúar 2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
Skatttekjur og tryggingagjöld	23.024	29.322	29.616	-6,8	27,4	1,0
Skattar á tekjur og hagnað	11.420	11.321	12.248	17,6	-0,9	8,2
Tekjuskattur einstaklinga	8.726	10.063	10.450	2,8	15,3	3,8
Tekjuskattur lögaðila	1.223	393	841	177,5	-67,8	113,7
Skattur á fjármagnstekjur	1.470	865	958	89,3	-41,2	10,8
Eignarskattar	473	1.889	599	54,2	299,5	-68,3
Skattar á vöru og þjónustu	4.969	9.008	9.881	-46,6	81,3	9,7
Virðisaukaskattur	1.240	3.907	3.973	-76,2	215,1	1,7
Vörugjöld af ökutækjum	232	412	363	148,9	77,7	-11,8
Vörugjöld af bensíni	919	912	787	4,2	-0,8	-13,7
Skattar á olíu	500	502	523	5,6	0,5	4,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	1.202	1.327	1.392	-5,0	10,3	4,9
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	876	1.949	2.843	-36,6	122,5	45,8
Tollar og aðflutningsgjöld	306	600	589	-45,1	96,1	-1,7
Aðrir skattar	364	392	665	-14,6	7,9	69,4
Tryggingagjöld	5.493	6.112	5.634	24,6	11,3	-7,8
Fjárframlög	11	13	14	9,4	20,1	5,0
Aðrar tekjur	3.262	2.030	3.232	18,6	-37,8	59,2
Sala eigna	73	36	15	-	-	-
Tekjur alls	26.370	31.401	32.877	-4,7	19,1	4,7

Tekjur af tryggingagjöldum námu 5,6 ma.kr. í janúar sem er 0,5 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af eignarsköttum námu 0,6 ma.kr. sem er í takt við áætlun. Þar af námu tekjur af auðlegðarskatti 0,2 ma.kr. og tekjur af stimpilgjöldum 0,3 ma.kr. Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu námu 9,9 ma.kr. í janúar sem er rúmlega 0,6 ma.kr. eða 5,9% undir áætlun. Frávik frá áætlun skýrist aðallega af virðisaukaskatti sem er hátt í 1,2 ma.kr. undir áætlun. Reiknað er með að verulega dragi úr þessu frávikum þegar lengra líður á árið. Aðrir óbeinir skattar eru í grófum dráttum í takt við áætlanir að frátöldum sértækum þjónustusköttum sem eru 0,6 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik skýrist af því að ýmis eftirlitsgjöld innheimtust fyrr en reiknað var með.

Vörugjöld af bensíni námu 0,8 ma.kr. sem er 13,7% samdráttur á milli ára. Á sama tíma námu skattar á olíu 0,5 ma.kr. sem er 4,1% aukning á milli ára. Bensíngjöldin eru 0,1 ma.kr. undir áætlun en skattar á olíu eru í takt við áætlanir. Þetta bendir til þess að hátt eldsneytisverð hafi sterkari eftirspurnarhrif á bensín en olíu, enda eru bensínbílar uppistaðan í bílaflota heimilanna. Samanlagðar tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi námu 1,4 ma.kr. sem tæplega 5% aukning á milli ára. Þar af námu tekjur af tóbaksgjaldi 0,6 ma.kr. sem er í takt við áætlun og tekjur af áfengisgjaldi 0,8 ma.kr. sem er einnig í takt við áætlun.



Aðrar tekjur námu alls 3,2 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. undir á áætlun. Þar munar mest um tekjur af veiðigjöldum sem eru 0,6 ma.kr. undir áætlun. Skýringin er sú að innheimta sem reiknað var með undir lok janúar skilaði sér ekki fyrr en í byrjun febrúar. Raunar benda bráðabirgðatölur fyrir febrúar til þess að janúarfrávikin hafi að mestu gengið til baka.

Greidd gjöld námu 46,1 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 2,8 ma.kr. frá fyrra ári, eða um rúm 6%. Greidd gjöld voru 1,8 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 4%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 5,2 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára en voru í samræmi við áætlanir. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu námu 4,5 ma.kr. og jukust um rúmar 500 m.kr. á milli ára en voru innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála jukust um tæpar 500 m.kr. milli ára en voru innan heimilda. Breytingin milli ára skýrist að langstærstu leyti með útgjöldum lífaeyrstrygginga og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð sem jukust um tæpar 500 m.kr. og greiðslum á sanngirnissbótum vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn sem fóru fram í janúar. Á móti drógust greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs saman um tæpar 300 m.kr. milli ára.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um tæpar 800 m.kr. milli ára og voru jafnframt um 350 m.kr. umfram heimildir. Þetta skýrist að stórum hluta til með útgjöldum Sjúkratrygginga sem jukust um tæpar 350 m.kr. milli ára og voru jafnframt 370 m.kr. umfram heimildir. Þá jukust útgjöld Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri um tæpar 200 m.kr. milli ára og voru jafnframt tæpar 150 m.kr. umfram heimildir. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála voru svipuð og árið 2012 en voru 1,1 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að stórum hluta með 467 m.kr. afgangi hjá Vegagerðinni og afgangi ýmissa sjóða og safnliða. Útgjöld til menntamála voru tæpum 300 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra en rúmum 600 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins þar sem 255 m.kr. afgangur var á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Útgjöld til menningar- íþróttar og trúmála voru svipuð og árið 2012 en voru rúmum 200 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um rúmar 200 m.kr. milli ára en voru í jafnvægi við heimildir tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að hluta með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem aukast um 79 m.kr. milli ára og eru jafnframt 104 m.kr. umfram heimildir. Útgjöld til umhverfisverndar eru 63 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra en voru 274 m.kr. innan heimilda sem skýrast annars vegar af 133 m.kr. afgangi af fjárheimildum Landgræðslu ríkisins og hins vegar af 110 m.kr. afgangi Endurvinnslunnar. Útgjöld til Varnarmála jukust hlutfallslega mikið milli ára þrátt fyrir að aukningin sé ekki mjög mikil í fjárhæðum. Útgjöldin voru í jafnvægi við fjárheimildir. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála jukust milli ára um 37 m.kr. og voru jafnframt 26 m.kr. umfram heimildir. Óregluleg útgjöld jukust um 86 m.kr. milli ára og voru jafnframt 244 m.kr. umfram fjárheimildir. Aukningin milli ára skýrist að mestu með útgjöldum vegna lífeyrisskuldbindinga voru 63 m.kr. hærri en á síðasta ári og jafnframt 279 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir.

**Gjöld ríkissjóðs janúar 2013**

	Milljónir króna			Breyt. frá fyrra ári, %	
	2011	2012	2013	2012	2013
Almenn opinber þjónusta	6.539	8.817	9.601	34,8	8,9
Þar af vaxtagreiðslur	2.977	4.866	5.140	63,5	5,6
Varnarmál	231	46	126	-79,9	170,1
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	1.373	1.532	1.741	11,6	13,6
Efnahags- og atvinnumál	2.673	3.607	3.570	34,9	-1,0
Umhverfisvernd	167	192	255	14,8	33,0
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	16	16	52	-2,1	234,6
Heilbrigðismál	8.855	9.256	10.047	4,5	8,5
Menningar-, íþróttá- og trúmál	1.471	1.593	1.621	8,3	1,7
Menntamál	6.609	8.756	9.053	32,5	3,4
Almannatryggingar og velferðarmál	7.875	8.688	9.145	10,3	5,3
Óregluleg útgjöld	1.269	817	903	-35,6	10,5
Gjöld alls	37.079	43.319	46.113	16,8	6,5

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður ársins var neikvæður um 15,3 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 15,7 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 0,8 ma.kr. en engar erlendar afborganir voru á gjalddaga.

Lántökur námu 2,8 ma.kr. Útgáfa ríkisbréfa nam 11,5 ma.kr. en á móti lækkaði staða ríkisvixla um 6,2 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um 2,5 ma.kr.